
Ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 skorar á háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir að háskólar landsins bjóði upp á fjölbreytt fjarnám. Framboð af fjarnámi á háskólastigi er breytilegt milli háskóla og hægt er að gera mun betur í þeim efnum. Einn af lærdómum Covid tímabilsins er sá að hægt er að kenna all flestar kennslugreinar í fjarnámi, með því að bjóða upp á sveigjanlegt nám með staðarlotum. Stærsti háskóli landsins, Háskóli Íslands er eftirbátur annarra háskóla á landinu þegar kemur að fjarnámi og gera þarf meiri kröfur til skólans hvað þetta varðar. Talsverður skortur er á fagmenntuðu starfsfólki á Vestfjörðum.

Þá er jafnframt skorað á ríkisstjórnina að tryggja jöfnuð og uppræta aðstöðumun nemenda. Það er staðreynd að fjarnemar beri meiri kostnað af sínu námi en þeir nemendur sem búa nær sínum skóla, þar sem þeir greiða sérstaklega fyrir lesaðstöðu og próftöku, sem aftur ýtir undir ójöfnuð. Auk þess sem staðarlotur eru tímafrekar og kostnaðarsamar.

Flutningsmenn: Bæjarfulltrúar Ísafjarðarbæjar